

Gátlisti stöðuleyfis

Nafn eiganda	Kennitala	Netfang		Dagsetning
Heiti	Nr.	Land nr.	Mhl.	Nr. erindis

0.00 Umsókn um stöðuleyfi.	
0.01	<i>Umsókn um stöðuleyfi skal vera skrifleg og undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni. Í umsókn skal gerð grein fyrir tilgangi og lengd stöðuleyfis.</i>
0.02	Umsókn send í gegnum Íbúagáttina
0.03	Tilgreind lengd stöðuleyfis
1.00 Fylgigögn	
1.01	<i>Með umsókn skulu fylgja upprættir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit og gerð, fyrirkomulag og öryggi lausafjarmunanna.</i>
1.02	Samþykki landeiganda
1.03	Uppdrættir og önnur gögn (t.d. upplýsingar frá fyrirtæki eða hönnuða, ljósmyndir af húsinu og svæði kringum þess)
1.04	Gögn sem sýna staðsetningu (lóðarblað, afstöðuteikning, eða loftmynd)
2.00 Tegund lausafjarmuna (ATH.: merkja eina tegund)	
2.01	<i>Tegund sv. 1 mgr. 2.6.1.gr. byggingarreglugerðar 112/2012</i>
2.02	Hjólhýsi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí
2.03	Gámur
2.04	Bátur
2.05	Torgsöluhús
2.06	Frístundahús í smiðum
2.07	Stór samkomutjöld
2.08	Annað (tilgreina í athugasemdum)
3.00 Öryggi	
3.01	<i>Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að ekki skapist hætta vegna lausafjarmuna og er leyfisveitanda heimilt að krefja eiganda um gögn og rökstuðning þar að lútandi.</i>
3.02	Staðsetning þannig að ekki sé hætta að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús
3.03	Aðgengi slökkviliðs sé ekki torvelað
3.04	Almennt öryggi (staðsetning, festingar, o.f.l.)
4.00 Önnur skilyrði vegna útgáfu stöðuleyfis	
4.01	<i>Stöðuleyfi skulu mest veitt til 12 mánaða nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað. Heimilt er að endurnýja stöðuleyfi eftir að það hefur fallið úr gildi, enda berist ný um-sókn sem uppfyllir skilyrði.</i>
4.02	Lausafjarmunir standi lengur en tvö mánuði á sama stað
4.03	Laus bygging telst ekki mannvirki sbr. 51 tölulið 1.2.1. gr. byggingarreglugerðar
4.04	Staðsetning fyrir utan skipulögðum gámasvæðum eða hafnarsvæðum
Athugasemdir:	

Byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Gátlisti stöðuleyfis

Í 2.6. kafla byggingarreglugerðar 112/2012 segir:

2.6.1. gr. Umsókn um stöðuleyfi.

Sækja skal um stöðuleyfi til leyfisveitanda til að láta eftirfarandi lausafjarmuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjarmuna:

- a. Hjólhýsi, á tímabilinu frá 1. október til 1. maí.
- b. Gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, og stór samkomutjöld.

Umsókn um stöðuleyfi skal vera skrifleg og undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi hlutar og skal fylgja samþykki eiganda eða lóðarhafa þeirrar lóðar sem fyrirhugað er að lausafjarmunirnir standi á. Í umsókn skal gerð grein fyrir tilgangi og lengd stöðuleyfis. Með umsókn skulu fylgja uppdráttir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit og gerð, fyrirkomulag og öryggi lausafjarmunanna.

Lausafjarmuni skal staðsetja þannig að almenningi stafi ekki hættu af og ekki sé hættu á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torvelað. Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að ekki skapist hættu vegna lausafjarmuna og er leyfisveitanda heimilt að krefja eiganda um gögn og rökstuðning þar að lútandi.

Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að hreinlætisaðstaða í og við lausafjarmuni sem falla undir þessa grein uppfylli ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði laga um fráveitur og laga, reglugerða og reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eftir því sem við á hverju sinni.

Stöðuleyfi skulu mest veitt til 12 mánaða nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað.

2.6.2. gr. Heimild leyfisveitanda til að fjarlægja lausafjarmuni.

Þegar lausafjarmunir sem getið er um í 2.6.1. gr. eru staðsettir án stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja eiganda um að fjarlægja þá innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

Þegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í 2.6.1. gr. eða önnur skilyrði stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja hann um úrbætur innan hæfilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar. Verði viðkomandi ekki við þeim kröfum skal leyfisveitandi krefjast þess að lausafjarmunirnir verði fjarlægðir innan hæfilegs frests, að öðrum kosti verði það gert á kostnað handhafa stöðuleyfis.